

REGLUGERÐ UM STYRKARSJÓÐ SKÁTA



TILGANGUR

Styrktarsjóður skáta er söfnunarsjóður í eigu Bandalags íslenskra skáta (hér eftir BÍS). Sjóðurinn aflar fjármuna sem renna til verkefna innan íslensku skátahreyfingarinnar með það að markmiði að efla skátastarf á landsvísu.

STYRKARFLOKKAR

Styrkhæf verkefni skulu falla undir einn eða fleiri eftirtalinna flokka:

1. Stofnun nýrra skátafélaga og skátahópa.
2. Nýjungar í starfi skátafélaga sem miða að fjölgun skáta á Íslandi.
3. Verkefni sem miða að því að jafna tækifæri barna og fullorðinna með ólíkan bakgrunn til þátttöku í skátastarfi.
4. Fræðsla og þjálfun innan skátahreyfingarinnar.
5. Útgáfa innan skátahreyfingarinnar.
6. Samstarfsverkefni skátahópa og skátafélaga
7. Viðhald og umbætur á aðstöðu og aðföngum skátahreyfingarinnar.

STYRKVEITINGAR

Hægt er að sækja um styrki að upphæð 100.000 króna eða lægri allt árið. Styrkir að hærri upphæð eru afgreiddir þrisvar á ári; 20. ágúst, 20. desember og á Skátapingi. Umsóknarfrest lýkur fimm dögum fyrir hverja úthlutun. Enginn einn aðili getur fengið meira en 50% af úthlutun hvers árs.

UMSÆKJENDUR

Í styrktarsjóð skáta mega sækja um:

- Einstaklingar án félagsaðildar að BÍS, í þeim tilgangi að stofna til skátastarfs.
- Forráðamenn, fyrir hönd skáta sem ekki eru lögráða með félagsaðild að BÍS.
- Skátar sem eru lögráða og með félagsaðild að BÍS.
- Skátafélög og skátahópar með félagsaðild að BÍS.
- Ráð, nefndir og vinnuhópar BÍS.

UMSÓKNIR

Umsóknir skulu berast sjóðsstjórn á stöðluðu formi sem skal aðgengilegt á vef BÍS. Stjórn styrktarsjóðs skáta skal heimilt að gera



breytingar á umsóknarformi í þeim tilgangi að gera sjóðinn aðgengilegri og starfsemi hans skilvirkari.

Í umsóknarformi skal þó ávallt afla upplýsinga um nafn umsækjanda, hver ábyrgist verkefnið, hvaða styrktarflokk/a verkefnið falli undir, lýsingu verkefnis, rökstuðning fyrir umsókn, tímaramma verkefnisins, markmið verkefnisins, upphæð sem sóst er eftir og reikningsupplýsingar.

Í umsókn skal framkvæmd á hentugan máta frumkönnun á hvaða stuðning BÍS geti veitt verkefnum annan en fjárhagslegan og stjórn styrktarsjóðs skáta skal setja fram skýrar kröfur um uppgjör eða endurmat styrktra verkefna.

SKILYRÐI FYRIR STYRK

Sjóðsstjórn upplýsir styrkþega um skilyrði til eftirfylgni við áætlunar þær sem settar voru fram í umsókn, breyttar forsendur verkefnis og uppgjors ef þörf er á í lok verkefnis.

FJÁRMÖGNUN SJÓÐSINS

Styrktarsjóður skáta er opinn frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum í gegnum styrktarkerfi skáta og með beinum framlögum á reikning. Upplýsingar þar að lútandi skulu vera aðgengilegar á upplýsingaveitum skáta og auglýstar reglulega.

Sjóðurinn hefur einnig fastar tekjur en árlega skal renna í sjóðinn:

- Að minnsta kosti 30% innkoma styrktarkerfis BÍS.
- Framlag dótturfélaga ákvarðað af stjórn þeirra.
- Rekstrarafgangur stórra viðburða BÍS, ákvarðað af stjórn BÍS hverju sinni.
- Ávöxtun höfuðstóls sjóðsins.

20% af tekjum sjóðsins milli Skátapínga skal leggjast við höfuðstól sjóðsins en 80% teljast til heimildar sjóðsstjórnar til úthlutunar fram að næsta Skátapíngi. Heimilt er að ganga á höfuðstól sjóðsins ef stjórnin metur styrkumsóknir þess eðlis að það réttlæti það en þó aldrei meira en áætlað árlegt framlag í sjóðinn.

Sé afgangur af heimild sjóðsstjórnar á Skátapíngi skal 50% afgangins leggjast við höfuðstól sjóðsins og 50% afgangins teljast til heimildar sjóðsstjórnar til úthlutunar fram til næsta Skátapíngs.

ÚTHLUTUNARREGLUR SJÓÐSINS

Sjóðstjórn skiptir heimild sjóðsins til styrkveitinga á milli þriggja úthlutana. Ekki skal meira en 65% af eftirstöðvum heimildar varið í sömu úthlutun nema í síðustu úthlutun hvers árs.



Leitast skal við að styrkir séu greiddir með beinum reikningi kostnaðar skráða á kennitölu BÍS í samráði við fjármálastjóra. Sé þess ekki kostur sökum eðlis verkefnis skal framkvæmdastjóri BÍS ákvarða um form styrkveitingar.

STJÓRN OG ENDURSKOÐENDUR SJÓÐSINS

Í stjórn styrktarsjóðs skáta skulu sitja skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi og gjaldkeri BÍS.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur BÍS.

ÁVÖXTUN OG FJÁRREIÐUR SJÓÐSINS

Fjármálastjóri BÍS annast fjárreiður og ávöxtun sjóðsins og skal leitast við að velja áhættulitlar ávöxtunarleiðir í samráði við stjórn sjóðsins.

BREYTING Á STOFNSKRÁ SJÓÐSINS

Sjóðurinn var stofnaður á aðalfundi BÍS í mars 1998 og er aðeins hægt að breyta reglugerð hans á Skátapingi.

Samþykkt á Skátapingi 5.apríl 2024

